

Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um samráð við Fjármálaeftirlitið.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvernig er háttað því samráði milli ráðherra og Fjármálaeftirlitsins sem ráð er fyrir gert í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og ætlað er til þess að ráðherra hafi yfirsýn yfir ástand fjármálamarkaðarins á hverjum tíma?
2. Hvers vegna hafði forstjóri Fjármálaeftirlitsins ekki rætt stöðu Icesave-reikninganna við ráðherra, eins og fram kom í viðtali við hann í Ríkisútvarpinu 9. nóvember sl., og hvers vegna mátti ráðherra vera ljóst hver staða Landsbankans var í vor vegna Icesave-reikninganna?